

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

1. *Breyting á deiliskipulagi Lyngbrekka 2, færsla á byggingarreit.*  
Í breytingunni felst að byggingarreitur á lóðinni er stækkaður til austurs.  
Samþykkt í sveitarstjórn 22. júní 2016.
2. *Deiliskipulag frístundabyggðarinnar Álfabyggðar í landi Miðengis.*  
Í skipulaginu felst að á 48 ha svæði er gert ráð fyrir 56 frístundalóðum. Hámarksnýtingarhlutfall er 0,03 og hámarkshæð húsa er 6 m. Á hverri lóð er heimilt að reisa 40 m<sup>2</sup> geymslu, svefn- eða gróðurhús.  
Samþykkt í sveitarstjórn 24. ágúst 2016.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 12. september 2016.*  
Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,  
**Pétur Ingi Haraldsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 27. september 2016